

Reykjavík 20. Maí 2023

Til aðalfundar SÍM, Sambands íslenskra myndlistarmanna.
Frá FÍM, Félagi íslenskra myndlistarmanna.

Undanfarin ár hefur FÍM unnið að útgáfu bókar um sögu félagsins. Í byrjun síðasta árs (2022) var bókin *AÐ FINNA LISTINNI SAMASTAÐ, þættir úr sögu félags íslenskra myndlistarmanna*, tilbúin til útgáfu og fyrsta apríl sama ár var haldið veglegt útgáfuhóf á Kjarvalsstöðum þar sem félagsmönnum, ýmsum velunnurum félagsins auk yngri og eldri listamönnum var boðið. Gestum var færð bókin að gjöf, og eins var útskriftarnemum á myndlistarbraut Listaháskóla Íslands færð bókin.

Ritstjóri og skrifari bókarinnar er Kristín Guðnadóttir listfræðingur sem vann mikla undirbúnings- og heimildarvinnu ásamt ritstjórn bókarinnar og stjórn FÍM. Í ritstjórn sátu Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir og Steinunn Helgadóttir. Auk þeirra sitja í stjórn FÍM þær Kristín Geirsdóttir og Ólöf Oddgeirsdóttir.

Í kjölfar bókaútgáfunnar hefur farið fram hugmyndavinna innan stjórnar um fyrirkomulag, starf og framtíðarverkefni félagsins og hafa ýmsir verið fengnir til ráðgjara þar um. Í aðdraganda aðalfundar í haust verður efnt til umræðufundar félagsmanna um framtíð félagsins.